

# Íslandsdeild ICOMOS

## Verndun menningarminja í þéttbýli - Málþing

Íslandsdeild ICOMOS efnir til málþings um verndun menningarminja í þéttbýli í Norræna húsinu miðvikudaginn 18. september 2019 og hefst það kl. 13.00.

Fornleifarannsóknir í þéttbýli eru í flestum tilvikum vegna framkvæmda. Framkvæmdarannsóknir vekja gjarnan mikla athygli og í tengslum við þær vakna ýmis álitamál er snerta lagaumhverfi og framkvæmd slíkra rannsókna. Á málþinginu verða kynntir sáttmálar og samþykktir ICOMOS sem snerta verndun minja í þéttbýli. Í sex erindum verður fjallað um ýmsa þætti sem fengist hefur reynsla af í framkvæmdarannsóknum, sem hafa aðallega verið í Reykjavík. Þar hafa á undanförunum árum farið fram umfangsmiklar framkvæmdarannsóknir sem varpa nýju ljósi á upphaf og þróun byggðar í Reykjavík. Með málþinginu vill Íslandsdeild ICOMOS efna til málefnalegrar umræðu um framkvæmdarannsóknir, eðli slíkra rannsókna, takmarkanir sem borgar- og bæjarumhverfi setur fornleifarannsóknum og þau tækifæri sem þær veita til miðlunar og fræðslu.

### DAGSKRÁ:

- 13.00 Guðný Gerður Gunnarsdóttir formaður Íslandsdeildar ICOMOS: Sáttmálar og skrár ICOMOS um verndun minja í borgum.
- 13.20 Agnes Stefánsdóttir, sviðstjóri rannsókna og miðlunar, Minjastofnun Íslands: Framkvæmdarannsóknir í þéttbýli í evrópsku ljósi.
- 13.45 Orri Vésteinsson prófessor í fornleifafræði, Háskóla Íslands: Fornleifar, landshættir og söguleg dýpt í borgarlandinu.
- 14.10 Anna Lís Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fornleifa, Borgarsögusafn Reykjavíkur: Fornleifar í borg; minjar, skipulag og framkvæmdir. Verklag hjá Reykjavíkurborg.
- 14.35 Lísabet Guðmundsdóttir fornleifafræðingur, Fornleifastofnun Íslands: Fornleifarannsóknir í miðborg Reykjavíkur: Línudans fornleifafræðingsins og framkvæmdaaðilans.
- 15.00 Kaffihlé
- 15.15 Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands: Kirkjugarðar; verndun, lagaumgjörð og friðlýsingar.
- 15.40 Hjörleifur Stefánsson, arkitekt: Verndun minja í borgarumhverfi, gildi þeirra og miðlun. Víkurgarður sem dæmi um álitamál.

Að erindum loknum verða pallborðsumræður. Gert er ráð fyrir að málþinginu ljúki kl. 17.00.